

AUGLÝSING

um staðfestingu forsetaúrskurðar um breytingu á forsetaúrskurði nr. 106 27. september 2005, um skiptingu starfa ráðherra.

Forseti Íslands hefur, samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, og reglugerðar samkvæmt þeim nr. 3/2004 um Stjórnarráð Íslands, í dag gefið út svohljóðandi úrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 106 frá 27. september 2005, um skiptingu starfa ráðherra:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði nr. 106 frá 27. september 2005, um skiptingu starfa ráðherra, að Jón Kristjánsson fer með ráðherra-störf þau sem Árna Magnússyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði og fer með félagsmálaráðuneytið. Ennfremur að Siv Friðleifsdóttir fer með ráðherrastörf þau sem Jóni Kristjánssyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði og fer með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Forsætisráðuneytinu, 7. mars 2006.

Halldór Ásgrímsson.

Bolli Þór Bollason.